

Lög Foreldraráðs Borgarholtsskóla – FoB

1. Nafn félagsins og aðild að því

Félagið heitir Foreldraráð Borgarholtsskóla. Aðsetur þess er í Borgarholtsskóla. Félagsmenn eru allir foreldrar og aðrir forráðamenn nemenda skólans.

2. Tilgangur og markmið félagsins

- Stuðla að aukinni þekkingu foreldra/forráðamanna á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- Treysta samstarf foreldra/forráðamanna, starfsfólks skólans og nemendafélags.
- Hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska.

3. Aðalfundur og stjórn

- Aðalfundur þar sem kosið er í stjórn foreldraráðs skal haldinn fyrir septemberlok. Boðað skal til aðalfundar með minnst einnar viku fyrirvara og í tengslum við kynningarfund að hausti. Tryggt skal að öllum foreldrum berist boð. Boða má aðalfund með auglýsingu á heimasíðu skólans, bréfluga eða með tölvupósti. Í auglýsingu komi fram kynning á hlutverki foreldraráðs og dagskrá fundarins. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- Stjórn foreldraráðs skipa sex foreldrar/forráðamenn nemenda, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þrjú stjórnarmenn annað hvert ár og þrjú hitt árið. Einnig skal kjósa tvo varamenn. Í foreldraráði situr að auki einn fulltrúi skólans. Stjórnarmenn skipta með sér verkum og skal skal halda gerðarbók, þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir stjórnar. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður úrslitum.
- Þegar kosið er í fyrsta sinn í foreldraráð eru þrjú fulltrúar foreldra kosnir til eins árs og þrjú til tveggja ára. Með því móti er tryggt að aðeins þrjú foreldrar fari á sama tíma úr foreldraráði.
- Að öllu jöfnu skal miða við að fulltrúi foreldra sitji ekki lengur en fjögur ár samfelld í foreldraráði.
- Á aðalfundi kys foreldraráð einn áheyrnarfullrúa foreldra í skólanefnd og er kosið til eins árs í senn.

- f) Stjórn foreldraráðs sinnir ekki ágreiningi eða hefur afskipti af vandamálum er upp kunna að koma milli einstakra nemenda og foreldra þeirra/forráðamanna og starfsmanna skólans.
- g) Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna enda hafi tillögur um lagabreytingar verið kynntar í fundarboði. Breytingatillögur verða að berast stjórn fyrir 10. september.

(Lög þessi tóku gildi 27. apríl 2010 kl. 18:15)